

5. gr.

Í váttryggingasamningi um réttaraðstoð skal skýrt kveðið á um eftirfarandi:

- a) Að þegar leitað er aðstoðar lögmanns eða annars sem hæfur telst samkvæmt lögum að verja váttryggðan, koma fram fyrir hans hönd eða að gæta hagsmuna við málsrannsókn eða málarekstur, skuli váttryggðum frjálst að velja sér lögmann eða þann mann annan sem telst hæfur.
- b) Hafi váttryggjandi valið úrræði skv. valkostum 1 eða 2 í 1. mgr. 4. gr. er váttryggðum frjálst að velja sér lögmann eða ef hann óskar annan hæfan mann til þess að gæta hagsmuna sinna hvenær sem hagsmunaárekstrar koma upp.

6. gr.

Váttryggingafélag skal sjá til þess að váttryggður samkvæmt réttaraðstoðarváttryggingu fái fullnægjandi upplýsingar um réttarstöðu sína vegna ágreinings sem upp hefur komið og rekja má til váttryggingasamnings hjá félaginu. Hinn váttryggði skal upplýstur um hvaða aðilar hafi með höndum þjónustu vegna kvörtunar- eða ágreiningsmála vegna váttryggingasamninga við váttryggingafélög án þess að skerða rétt hlutaðeigandi til þess að skjóta málum til dómstóla.

Ef upp kemur hagsmunaárekstur eða ágreiningur um lausn deilumáls skal váttryggingafélag eða þegar við á sá aðili sem sér um tjónsuppgjör skýra váttryggðum frá því sem kveðið er á um í 4. - 5. gr.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 6. mgr. 22. gr. og 98. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994, með síðari breytingum. Reglugerðin byggir á ákvæðum tilskipunar um skaðatryggingar nr. 73/239/ESB með síðari breytingum, þ. á m. tilskipun um réttaraðstoðarváttryggingar nr. 87/344/ESB. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 9. febrúar 1998.

Finnur Ingólfsson.

Halldór J. Kristjánsson.

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp
bæjarstjórnar nr. 262/1990, með síðari breytingum.**

1. gr.

1. másl. 50. gr. samþykktarinnar orðast svo: Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku á hverjum fimmtudegi kl. 12.15.

Samþykkt þessi sem gerð er af bæjarstjórn Kópavogsbæjar samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 9. febrúar 1998.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.